

Fljótsdalshérað – Ársreikningur 2008

Rekstur sveitarsjóðs Fljótsdalshéraðs ásamt undirfyrirtækjum fór ekki varhluta af breyttum aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar á árinu 2008. Mestu áhrifin urðu á fjármagnsliðum sem hækkuðu gríðarlega miðað við áætlanir bæði vegna mikillar verðbólgu og gengishækkun erlendra lána. Annað sem gerði erfitt fyrir í rekstri sveitarfélagsins var að fyrirséð niðursveifla í útsvarstekjum varð brattari en ráð var fyrir gert og þar hafði efnahagskreppan mest áhrif. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2008 voru mun lægri en áætlað hafði verið þar sem ekki kom til greiðslu áætlað sameiningarframlag sem þó hafði verið samþykkt af Alþingi í fjárukalögum fyrir árið 2008. Auk þess eru reglubundin framlög Jöfnunarsjóðs í lágmarki á árunum 2008 og 2009 þar sem miklar útsvarstekjur undanfarinna ára hafa áhrif á útreikning þeirra. Í langtímaáætlun sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs hækki jafnt og þétt eða úr 275 millj. kr. 2008 í 580 millj. árið 2012 miðað við núgildandi úthlutunarreglur sjóðsins.

Ársreikningur verður tekinn til umfjöllunar og afgreiðslu í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs við fyrri umræðu þann 20. maí og við síðari umræðu þann 3. júní n.k.

Ársreikningurinn er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga. Starfsemi er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Um er að ræða Aðalsjóð, Eignasjóð, Þjónustumiðstöð og Fasteignafélag Fljótsdalshéraðs ehf. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu Fljótsdalshéraðs en rekstur þeirra er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtækin eru: Atvinnumálasjóður, Brunavarnir á Héraði, Dvalarheimili aldraðra, Félagslegar íbúðir, Fjárafl, Fráveita, Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf., Minjasafn Austurlands, Sláturhúsið – Menningarsetur ehf. og Sorpstöð Héraðs.

Afkoma af rekstri sveitarfélagsins var neikvæð um 806 millj. kr. á árinu 2008 samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 0,4 millj. kr. rekstrarafgangi. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 522 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 7,5 millj. kr. rekstrarafgangi. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 var samþykkt í byrjun desember 2007 og er hún til viðmiðunar í ársreikningi. Áætlunin var samkvæmt venju undanfarinna ára ekki tekin til formlegrar endurskoðunar á árinu 2008.

Tekjur af útsvörum og fasteignasköttum voru 78 millj. kr. undir áætlun og framlög jöfnunarsjóðs urðu 106 millj. undir áætlun. Laun og launatengd gjöld ásamt breytingu á lífeyrisskuldbindingu fóru 50 millj. kr. fram úr áætlun og vega þar þyngst nýir kjarasamningar við grunnskólakennara á miðju ári og á almennum vinnumarkaði á haustmánuðum.

Fjármagnsliðir samstæðureiknings námu 696 millj. kr. Þar af eru reiknaðar verðbætur og gengismunur 597,6 millj. kr. Frávik á niðurstöðu fjármagnsliða og áætlunar nemur 516 millj. kr.

Neikvætt handbært fé til rekstrar var 97 millj. kr., sem skýrist af tekjusamdrættinum og aukins launakostnaðar. Fjárfestingahreyfingar námu 964 millj. kr. á árinu 2008. Fjármögnunarhreyfingar námu 944 millj. kr. á árinu en lækkun á handbæru fé nam 117 millj. kr. og nam það 270 millj. kr. í árslok 2008.

Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda námu 938 millj. kr. hjá samstæðunni. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 248. Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins í hlutfalli við rekstartekjur 50,7%. Annar rekstarkostnaður var 47,2% af rekstartekjum. Skatttekjur eða útsvar og fasteignaskattur námu 356 þús. kr. á hvern íbúa en rekstartekjur í heild voru 606 þús. kr. á hvern íbúa á árinu 2008.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir sveitarfélagsins bókfærðar á 5.122 millj. kr., þar af nema veltufjármunir 599 millj. kr. Skuldir sveitarfélagsins með lífeyrisskuldbindingum nema 4.240 millj. kr., þar af eru skammtímaskuldir 651 millj. kr. Veltufjárhlutfallið er 0,92 í árslok en var 1,41 árið áður. Bókfært eigið fé nam 883 millj. kr. í árslok 2008 en nam 1.688 millj. kr. í árslok 2007.

Helstu niðurstöður rekstrar og sjóðstreymis A og B hluta

	Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2008
Skatttekjur og framlög jöfnunarsjóðs	1.320.692.712	1.398.188.000
Framlög jöfnunarsjóðs	275.471.199	381.420.000
Aðrar tekjur	650.894.314	666.771.000
Rekstrartekjur samtals	2.247.058.225	2.446.379.000
Laun, launatengd gjöld og breyting lífeyrisskuldbindingar	1.139.783.224	1.090.264.000
Annar rekstrarkostnaður	1.059.501.181	1.031.357.000
Afskriftir	155.548.377	145.367.000
Rekstrargjöld samtals	2.354.832.782	2.266.988.000
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	(107.774.557)	179.391.000
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(695.511.108)	(178.968.000)
Tekjuskattur og hlutdeild minnihluta	(2.300.420)	0
Rekstrarniðurstaða	(805.586.085)	423.000
Veltufé (til) frá rekstri	(53.266.774)	241.142.000
Handbært fé (til) frá rekstri	(96.492.945)	266.142.000
Fjárfestingarhreyfingar	(964.838.701)	(1.009.016.000)
Fjármögnunarhreyfingar	943.898.614	708.158.000
Handbært fé í árslok	270.310.252	(767.451.000)
Efnahagsreikningur		
	2008	2007
Óefnislegar eignir	1.530.883	1.585.557
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.184.417.525	3.408.087.370
Áhættufjármunir og langtímakröfur	337.449.131	306.513.250
Veltufjármunir	599.412.873	650.814.203
Eignir samtals	5.122.810.412	4.367.000.380
Eigið fé	883.278.164	1.688.864.249
Skuldbindingar	262.509.231	267.807.125
Langtímaskuldir	3.325.655.997	1.949.466.237
Skammtímaskuldir	651.367.020	460.862.769
Eigið fé og skuldir samtals	5.122.810.412	4.367.000.380
Skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga	1.027.043.904	694.365.860

